

Beiðni um skýrslu

frá innanríkisráðherra um stöðu hafna.

Frá Haraldi Einarssyni, Brynhildi Pétursdóttur, Þórunni Egilsdóttur,
Helga Hrafní Gunnarssyni, Silju Dögg Gunnarsdóttur,
Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, Ásmundi Einari Daðasyni,
Unni Brá Konráðsdóttur, Líneik Önnu Sævarsdóttur,
Oddnýju G. Harðardóttur, Páli Val Björnssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 54. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að innanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu íslenskra hafna. Í skýrslunni verði m.a. fjallað um eftirfarandi:

- Hvaða hafnir þarfnist viðhalds og hver sé fjárþörf þeirra.
- Hve margar hafnir séu reknar af hafnasamlögum.
- Hvort hagkvæmt sé talið að einhverjar hafnir sameinist eða sveitarfélög sameinist um notkun hafna.
- Hversu margar hafnir standi ekki undir rekstri eða nýframkvæmdum og hvað geri það að verkum að sumar hafnir hafi betri rekstrargrunn en aðrar.
- Hvernig hægt sé að styrkja rekstrargrunn hafna þannig að þær standi undir rekstri og nauðsynlegum framkvæmdum.

Greinargerð.

Áður var óskað eftir skýrslu um stöðu hafna á 144. löggjafarþingi (807. mál) en hún barst ekki. Mikilvægt er að skýrslan verði þannig úr garði gerð að hún nýtist við úthlutun fjármuna í samgönguáætlun og greini fjárþörf hafna með tilliti til notkunar og þjónustugildis til framtíðar. Margar hafnir þarfnast viðhalds og sumar hafa verið teknar úr notkun að fullu eða að hluta vegna viðhaldsleysis. Aðrar eru í takmarkaðri notkun með tilheyrandi hættu á slysum. Nú liggur fyrir að taka þurfi ákvörðun um að leggja niður hafnir, sameina rekstur hafna eða auka fjárveitingar. Einnig er nauðsynlegt að skýra hlutverk hafna og hvaða tilgangi þær eiga að þjóna. Nauðsynlegt er að fá greinargóða mynd af stöðunni.

Margar íslenskar hafnir glíma við bágan rekstur og litlar tekjur. Rekstrarafkoman er mismunandi. Hjá mörgum dugir framlegð ekki fyrir fjármagnsgjöldum. Reglulegt viðhald situr á hakanum og margar hafnir hafa ekki fjármuni til úrbóta. Ástæður þessa má rekja til mikillar skuldsetningar, lítilla tekna og smæðar margra hafna. Verðbólga undanfarinna ára hefur líka haft neikvæð áhrif á rekstrargrundvöllinn.

Vegagerðin skiptir höfnum landsins í fjóra flokka með tilliti til starfsemi þeirra. Gerðar eru mismunandi staðalkröfur í hverjum þeirra og er flokkunin unnin með hjálp reiknilíkans sem tekur mið af þjónustustigi, aflamagni, aflaverðmæti, magni sem unnið er í viðkomandi verstöð, vöruflutningum sem fara um höfnina og aðstæðum til hafnargerðar. Hafnirnar eru

flokkaðar í stórar fiskihafnir, meðalstórar fiskihafnir, bátahafnir og smábátahafnir og iðnaðarhafnir.

Frá árinu 2000 hefur hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga tekið saman skýrslur um stöðu hafnarsjóða. Undir eðlilegum kringumstæðum á framlegð að nægja til að standa undir afskriftum og fjármagnskostnaði. Úttekt fyrir árið 2013 sýnir þó að tekjur þriggja hafnarsjóða dugðu þá ekki til að greiða daglegan kostnað og áhvílandi lán. Þar er um að ræða Hvammstangahöfn (-15,6%), Blönduóshöfn (-560%) og Vogahöfn (-600%). Staða Reykjaneshafnar var afar slæm, en hafnarsjóðurinn skuldaði með áhvílandi skuldbindingum samtals 7,3 milljarða kr. Heildarskuldir hafnarsjóðsins voru 33,4 sinnum hærri en heildartekjur sjóðsins árið 2013. 21 af 35 hafnarsjóðum var með hlutfall skulda og heildartekna undir viðunandi mörkum sem eru 1,5. Veltufé frá rekstri var misjafnt, allt frá -137,8 millj. kr. upp í 1.323,7 millj. kr.

Úttekt fyrir árið 2010 sýnir að þrír hafnarsjóðir voru með neikvæða framlegð: Súðavíkurhöfn (-12,3%), Hvammstangahöfn (-125,0%) og Blönduóshöfn (-193,8%). 16 af 35 hafnarsjóðum voru með hlutfall skulda og heildartekna undir viðunandi mörkum (1,5). Í árslok 2010 voru heildarskuldir hafnarsjóða 15,8 milljarðar kr., en árið áður 14,1 milljarðar kr. Skuldastaða hafnarsjóða var misjöfn og sömuleiðis geta þeirra til að greiða aflánunum. Reykjaneshöfn skuldaði samtals 5,67 milljarða kr. en Kópavogshöfn skuldaði 50-faldar tekjur hafnarinnar.

Fjórar hafnir við Faxaflóa, í Reykjavík, á Akranesi, í Borgarnesi og á Grundartanga, mynda hafnasamlagið Faxaflóa. Úttekt fyrir árið 2013 sýnir að hafnarsjóður Faxaflóahafna sker sig úr með heildartekjur upp á 2,84 milljarða kr. eða 39% af heildartekjum og framlegð upp á 1.342 millj. kr. Aflagjöld eru þó einungis um 8% af heildartekjum hafnarsjóðs Faxaflóahafna.

Yfirlitsskýrsla af því tagi sem hér er óskað eftir ætti að geta orðið mjög gagnleg og nýst vel við vinnu að gerð samgönguáætlunar til tólf ára.